



Landbúnaðarnefnd

21. fundur landbúnaðarnefndar haldinn föstudaginn 10. ágúst 2018 kl.17:00, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt eru: Sverrir Möller, Þórarinn Þórisson, Sigríður Ósk Indriðadóttir, Sigurður Þór Guðmundsson fjallskilastjóri og Elías Pétursson.

Fundargerð

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður óskar eftir því að fá að færa lið 2 fram fyrir lið 1. Engin athugasemd gerð við það.

1. Fjallskil

Umræður fóru fram um hvort að flýta ætti fyrstu göngum í Tunguselsheiði og Kverkártungu. Fjallskilastjóri er efins um hvort það skili tilgangi án samsmölunar við Vopnfirðinga og Pistilfirðinga, en ætlar að ræða betur við hlutaðeigandi bændur.

2. Umsókn um heimild til að gera vegslóða upp með Miðfjarðará og Litlu-Kverká

Lagning vegslóða upp með Miðfjarðará og Litlu-Kverká. Landbúnaðarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti og tekur undir sjónarmið umhverfis- og skipulagsnefndar. Nefndin óskar jafnframt eftir því að Veiðifélagið heimili bændum um fara um veginn vegna fjallskila á haustin.

3. Önnur mál

a) Yfirgefin hús

Fram fór umræða um þá hættu sem búfé stafar af vegna yfirefinna húsa á eyðibýlum. Landbúnaðarnefnd er sammála Nefndarmenn voru sammála um að eigendur lokuðu húsum sínum á eyðibýlinu þannig að búfé stafaði ekki hættu af. Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að haft verði samband við eigendur húsa á eyðibýlum og fari fram á að hús þeirra séu fjárheld.

b) Styrkvegafé

Fram fór umræða um ráðstöfun styrkvegafjár og kom fram í máli nefndarmanna að brýnt væri að laga veginn upp á Heiðarfjall og að Hóli.

Fundi slitið kl. 17:45.